

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1144	Strandgötu 1	Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri			
Arnarlax ehf. - Patreksfjörður og Tálknafjörður	465 Bíldudalur				
Til efni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	18.3.2024	18.3.2024	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 5 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

22.4.2024

Alvarlegt frávik

Frávik

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Farið var í eftirfylgni eftirlit með skráningum og gæðaskjölum hjá Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði FE-1144. Eftirlit var framkvæmt á skrifstofu með tölvupóstsamskiptum. Fullnægjandi gögn bárust ekki í þremur tilfellum af fimm.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arnarlax ehf. - Patreksfjörður og Tálknafjörður
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Fjarðalax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Yfirmaður sjódeildar
Hjörtur Methúsalemsson	8667803	hjortur@arnarlax.is	Verkefnastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Sett inn: 13.11.2023

Frávik

Við eftirlit með köfunarsýrslum og atvikaskrárum kom í ljós að ekki er farið að kröfum sem koma fram í 34. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

Allar viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur a.m.k.: Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis. Númer vottunarskírteinis. Einkennisnúmer netpokans. Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda. Lýsingu á viðgerðinni.

Gerð er krafa um að allar viðgerðir séu skráðar í samræmi við ofangreinda grein í reglugerð um fiskeldi.

18.3.24: Ekki barst ástands- og viðgerðarskýrsla

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 13.11.2023

Frávik

Arnarlax gat ekki sýnt fram á að innra eftirlit hafi verið með því hvort neðansjávareftirlit hafi verið framkvæmt samkvæmt verklagsreglu fyrirtækisins. Matvælastofnun gerir kröfu um að verklagsreglum innra eftirlits sé fylgt.

Viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.

Verklag er til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvarinnar. Að lágmarki skal vera eftirfarandi innra eftirlit:

Móttökueftirlit (ástand netpoka við móttöku).

Yfirborðseftirlit (s.s. ástand á búnaði, fiski á yfirborði og afræningjum við eldiskvíar).

Neðansjávareftirlit (köfun eða eftirlit með neðansjávarmyndavélum).

Eftirlit með laxalús.

Eftirlit með skyggni sjávar (sjóndýpi),

Eftirlit með sjávarhita

Eftirlit með súrefnisinnihaldi sjávar.

Vöktun á botnseti/botndýrum.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

18.3.24: Ekki barst tékklisti sem staðfestir að innra eftirliti hafi verið fylgt. Verklag þarf að vera til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Fram skal koma: Markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta, hvað skal skrá.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 13.11.2023

Frávik

Sannprófa skal gæðakerfið í heild sinni að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slyssleppingar eða önnur alvarleg óhöpp og þegar verulegar breytingar eiga sér stað á rekstri fiskeldisstöðvarinnar. Sannprófunarhópur fyrirtækisins sannprófaði ekki gæðakerfið í kjölfar þess að gat uppgötvaðist á

kví nr. 12 í Laugardal og á kví 9 á Eyri og er það ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020, sbr. viðauka III.

Gerð er krafa að á að sannprófun verði lokið áður en eftirfylgni stofnunarinnar fer fram.

18.3.24: Sannprófunin er ófullnægjandi. Eftirfarandi þarf að koma fram í sannprófun:

- **Gátlisti sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa**
- **A.m.k. alla kafla gæðahandbókar**
- **Merkt við hvort atriði séu í lagi eða ekki**
- **Allar skráningar á innra eftirliti**
- **Var fyrirbyggjandi ráðstöfunum fylgt varðandi:**
- **Viðhald á eldisstöðinni**
- **Þjálfun starfsmanna**
- **Verklagsreglur**
- **Var viðbragðsáætlunum framfylgt?**
- **Var eftirlit og úrbætur í samræmi við innra eftirlit?**
- **Var ástæða til að breyta þeim viðmiðunum?**
- **Voru fullnægjandi úrbætur gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila (T.d. UST og MAST)?**
- **Úrbætur og skráning**
- **Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar**

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

2.1.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.1.3 Eldisbúnaður

Karl Steinar Óskarsson
karl.oskarsson@mast.is
Deildarstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókváeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.